

**25. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um launaviðbót eptir kornvæði fjárhagsárið 1865—66.<sup>1</sup>**

1865.  
20. marz.

Í sambandi við bréf stjórnarráðsins, dagsett 18. þ. m., er yður var sent með fylgiskjali, sem heyrir til fjárlögunum fyrir fjárhagsárið 1865—66, skal yður hérmeð til vitundar gefið, herra stiptamtadur, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það, að sökum þess hversu kornvæðið er lágt í verðlagsskrám þeim, sem farið er eptir, ber embættismönnum og embættishjómum í suðurumdæmi Íslands engin launaviðbót eptir kornvæði á fjárhagsárinu 1865—66, samkvæmt lögunum frá 19. febrúarmán. 1861 og 19. janúarmán. 1863.

**26. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um aðkaupsgjald af skipum.**

6. april.

Í bréfi dagsettu 11. októbermán. f. á., sem borizt hefir dómsmálastjórninni beina leið, og í eptirriti fylgir með bréfi þessu, hefir Árni Thorsteinson, landfógeti og bæjarfógeti í Reykjavík, skýrt frá, að borgað hafi verið aðkaupsgjald af skonnortu nokkurri frakkneskri, "Fleur de Marie" að nafni, sem strandað hafði á Íslandi, og búandi maður í Reykjavík hafði keypt og látið gjöra við, og að síðan hafi verið bókað, að skipið fyrst um sinn ætti heima í Reykjavík. Hann hefir þar að auki getið þess, að með því að engar beinar ákvarðanir að hans hyggju eru til um það, hvernig að eigi að fara, þegar útlendum skipum, sem menn á Íslandi eignast, sè veitt einkunn innlendra skipa, þá væri það mjög svo æskilegt, að embættismönnum þeim, sem hlut eiga að máli, væri sagt ítarlega til um, hvernig þeir eigi að fara að, þegar svo stendur á, og hefir hann komið fram með ýmsar uppástungur lútandi að því.

<sup>1</sup>) Sama dag var hinum amtmönnum á Íslandi, landfógetanum og stiptsýrsvöldunum, ritað bréf líks innihalds.



1865.

6. apríl.

Eftir að skrifazt hefir verið á við aðaltollstjórnina um þetta málefni, skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið Thorsteinson land- og bæjarfógeta það, að fyrst um sinn, þangaðtil öðruvísi verður fyrir skipað, ber að heimta aðkaupsgjald af skipum á Íslandi samkvæmt tilskipun 1. maímán. 1838, en að dómsmálastjórnin er farin að semja við aðaltollstjórnina um, hvort ekki ætti að gjöra breytingu á tilhögun þeirri, sem nú er á málefni þessu, og mun yður seinna meir verða skýrt frá, hver niðurstaðan verður. Um aðferð þá, sem höfð hefir verið með skipið "Fleur de Marie", skal þess þar næst getið, að aðkaupsgjald það, sem lögboðið er í 50. grein í tilsk. 1. maímán. 1838, á ekki af skipi þessu að vera nema  $6\frac{1}{4}$  af hundraði af söluverðinu, eða af 506 rdlr., 31 rdl. 60 sk., þar sem skipið er úr eik og  $54\frac{1}{2}$  lest; en nú hefir borgað verið  $12\frac{1}{2}$  af hundraði og þó rangt reiknað, 62 rdl. 85 sk. í staðinn fyrir 63 rdl. 24 sk., og eruð þér því beðnir, herra stiptamtmaður, at láta landfógetann borga hlutadeiganda aptur þá 31 rdl. 25 sk., sem borgaðir hafa verið umfram það sem átti að vera, og færa hið rétta aðkaupsgjald 31 rdl. 60 sk. til á öðrum stað í jarðabókarreikningnum, en gjört hefir verið; það er eign tollsjóðsins, og verður tollstjórninni greidd það úr aðalríkissjóðnum fyrir hönd jarðabókarsjóðsins; á því að færa það til sem borgun á skuld til aðalríkissjóðsins, í stað þess að það hefir verið tilfært sem óviss tekjugrein.

6. apríl.

**27. Bréf dómsmálastjórnarinnar til útgjörðarmanna íslenzka gufupóstskipsins, Kochs og Hendersons, um ferðir þess árið 1865.**

Dómsmálastjórnin tilkynnir yður hérmeð, að hún samþykkir áætlun þá um ferðir gufuskipsins Arkturus í ár millum Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands, sem þér hafið sent hingað í dag, en þó skal því við bætt, að þarsem þér hafið áskilið að gjöra þá breytingu á áætluninni, að þér megið sleppa sjöttu ferð-